



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 19 maí 2025

Tillaga um tilraunaverkefni sumarið 2025 um aðstöðu fyrir íbúa til að skiptast á nytjahlutum

Tillagan gengur út á að farið verði af stað með tilraunaverkefni sumarið 2025 sem felst í því að búa til færanlega aðstöðu fyrir íbúa til að skiptast á nytjahlutum. Hugmyndafræði að baki verkefninu er sambærileg Fríbúðinni í Gerðubergi, þ.e. að hægt sé að skiptast á smærri nytjahlutum án greiðslu.

Hér væri horft færanlegrar aðstöðu sem væri staðsett í nágrenni grenndarstöðvar. Fyrirmynd verkefnisins eru sk. „Byttebox“ til dæmis í Árósum¹ og Álaborg¹ í Danmörku. Reynslan t.d. í Árósum er jákvæð og notkun skýlanna aukist jafnt og þétt. Umgengi hefur verið ásættanleg, en vissulega þarf umsjón og rekstur með stöðinni. Fyrir liggur vilyrði Sorpu bs. um að að þrifateymið sem heldur utan um grenndarstöðvar í borginni sjái um stöðvarnar.



Unnið er að útfærslu í samstarfi við Borgarhönnun og rekstur og umhirðu borgarlandsins um útfærslu á lausn í Reykjavík, til dæmis hvort hægt sé að nýta strætóskýli sem hafa verið tekin úr notkun. Áætlaður stofnkostnaður hvert eitt box er um 1,5 milljón en rekstarkostnaður er metinn óverulegur.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Friðrik Gunnarsson
skrifstofa umhverfisgæða
Umhverfis- og skipulagssvið

ⁱ <https://nordvaerk.dk/borger/aalborg-kommune-borger/affaldsindsatser/bytteboksene-i-aalborg-kommune/>

¹ <https://www.kredslob.dk/produkter-og-services/genbrug-og-affald/sortering/bytteboxen>